

# Þinggerð

## 55. ársþings Glímusambands Íslands

### Reykjavík 2. mars 2019

#### Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosning starfsmanna þingsins.
3. Kosning kjörbréfanefndar.
4. Kosning nefnda:
  - a) Fjárhagsnefnd.
  - b) Laganefnd.
  - c) Allsherjarnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver.
5. Skýrsla stjórnar.
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykktar.
10. Lögð fram fjárhagsáætlun.
11. Lagðar fram lagabreytingar.
12. Lagðar fram tillögur og teknar til umræðu.

#### - Þinghlé -

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Kosningar:
  - a) Formaður sambandsins.
  - b) Fjórir aðalmenn í stjórn og þrír til vara.
  - c) Tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
  - d) Fulltrúa á íþróttabing.
  - e) Þrír menn í Aganefnd og þrír til vara.
15. Önnur mál.
16. Þingslit.

### 1. Þingsetning

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir**, formaður GLÍ, setti þingið kl. 17.10. Hún bauð alla viðstadda velkomna á sitt fyrsta þing sem formaður sambandsins. Hún sagðist hafa lært mikið á þessu eina ári og meðal annars tileinkað sér þá lexíu að það getur ekki allt orðið fullkomið. Hún sagðist hafa vissar áhyggjur af fækkun karla í glímunni en það væru mörg tækifæri til að gera betur glímunni til heilla.

### 2. Kosning starfsmanna þingsins

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** gerði tillögu um að Jóhannes Héðinsson yrði þingforseti og var það samþykkt með lófataki og tók hann við stjórn þingsins. Hann lagði til að Jón M. Ívarsson yrði þingritari og var það einnig samþykkt með lófataki og tók hann til starfa.

### 3. Kosning Kjörbréfanefndar

**Jóhannes Héðinsson** lagði fram tillögu um Kjörbréfanefnd. Þar yrði Hjörtur Elí Steindórsson formaður og með honum Guðmundur Stefán Gunnarsson og Helgi Bjarnason. Samþykkt.

#### 4. Kosning nefnda

Jóhannes Héðinsson þingforseti las upp tillögu stjórnar um aðrar nefndir sem var samþykkt:

##### Fjárhagsnefnd:

Ólafur Oddur Sigurðsson formaður, Ásmundur Hálfván Ásmundsson og Margrét Rún Rúnarsdóttir. Ólafur lagði til að Ásmundur yrði formaður og var það samþykkt.

##### Laganefnd:

Guðjón Magnússon formaður, Jana Lind Ellertsdóttir og Jóhann Pálmason.

##### Allsherjarnefnd:

Stefán Geirsson formaður, Kristín Embla Guðjónsdóttir og Hákon Óli Sigurðsson.

#### 5. Skýrsla stjórnar

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** flutti skýrslu stjórnar sem lá fyrir á þinginu litprentuð og myndskreytt. Hún fór yfir alla skýrsluna og útskýrði ýmislegt sem þar var að sjá. Hún sagðist til dæmis hafa uppfært símaskrána með leyfi viðkomandi. Minntist á skemmtilegar utanlandsferðir og góðan árangur sem þar náðist. Heimasíða sambandsins bíður enn lagfæringar en til stendur að ljúka því á þessu ári. Það var í mörg horn að líta þar sem hún var einnig framkvæmdastjóri sambandsins en nú teldi hún sig vera búin að læra margt og betur í stakk búin til starfsins en í fyrra. Hún las ávarp formanns sem prentað var í skýrslunni og vísast til þess.

#### 6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** las upp reikninga sambandsins í fjarveru gjaldkera. Tekjur og gjöld voru nálægt 10 milljónum króna og eigið fé sambandsins nemur 8 milljónum króna. Ný tölva var keypt og framkvæmdastjóri notaði bílaleigubíl til sinna starfa.

#### Álit Kjörbréfanefndar

**Hjörtur Elí Steindórsson** sagði frá niðurstöðu nefndarinnar. Borist höfðu kjörbréf frá sex sambandsaðilum með nöfnum 22 aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa sem sátu þingið. Þrír gestir sátu þingið svo alls voru 28 einstaklingar í þingsal. Venja hefur verið að lesa upp nöfn þingfulltrúa en það var ekki gert að þessu sinni. Eftirfarandi þingfulltrúar voru mættir:

**UÍA** átti rétt á að senda **8** fulltrúa á þingið og **8** voru mættir:

1. Guðjón Magnússon
2. Hjörtur Elí Steindórsson
3. Kristín Embla Guðjónsdóttir
4. Marta Lovísa Kjartansdóttir
5. Fanney Ösp Guðjónsdóttir
6. Ásmundur Hálfván Ásmundsson
7. Eva Dögg Jóhannsdóttir
8. Ægir Örn Halldórsson

varamaður:

1. Kjartan Mar Garski Ketilsson

**HSK** átti rétt á að senda **5** fulltrúa á þingið og **5** voru mættir:

1. Stefán Geirsson
2. Jón M. Ívarsson
3. Marín Laufey Davíðsdóttir
4. Ólafur Oddur Sigurðsson
5. Jana Lind Ellertsdóttir

varamaður:

1. Sigmundur Stefánsson

**Umf.N** átti rétt á að senda **3** fulltrúa á þingið og **3** voru mættir:

1. Gunnar Örn Guðmundsson
2. Guðmundur Stefán Gunnarsson
3. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

**UDN** átti rétt á að senda **3** fulltrúa á þingið og **3** voru mættir:

1. Svana Hrönn Jóhannsdóttir
2. Hlödver Ingi Gunnarsson
3. Jóhann Eysteinn Pálmason

**HSV** átti rétt á að senda **2** fulltrúa á þingið og **2** voru mættir:

1. Hákon Óli Sigurðsson
2. Margrét Rún Rúnarsdóttir

**ÍBR** átti rétt á að senda **1** fulltrúa á þingið og **1** var mættur:

1. Sigurjón Leifsson

varamaður:

1. Óttar Ottósson.

## 7. Ávörp gesta

**Hafsteinn Pálsson**, stjórnarmaður Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands flutti kveðjur stjórnar til Glímusambandsins. Hann sagðist að vanda byrja á því að minnst á hinar mikilvægu peningauppsprettur íþróttanna, Getraunir og Lottó. Við þurfum öll að standa vörð um þessi fyrirtæki okkar. Hann kvaðst í fyrra einkum hafa rætt um samskipti fólks og vísaði þar til Mee too umræðunnar sem væri ekkert síður mikilvæg í dag.

Starfið er alltaf að aukast á vegum Ólympíuhreyfingarinnar og stórmótum hennar fer fjölgandi. Almenningsíþróttaverkefni eru einnig mjög vaxandi og nefndi hann dæmi um Lífshlaupið, Kvannahlaup og Hjólað í vinnuna. Hann vonaði fyrir hönd glímufólks að þingið yrði starfsamt og að íþróttin myndi vaxa og dafna.

## 8. Umræður um skýrslu og reikninga

**Hörður Gunnarsson** kom upp og þakkaði skýrsluna. Hann kom með þau tilmæli til stjórnar að heiðursfélagar fengju upplýsingar um það sem væri að gerast hjá GLÍ til dæmis með tölvupóstum. Einnig þótti honum þingforseti tæplega nógu vel til fara. Benti á að það vantaði áritun stjórnar, endurskoðanda og skoðunarmanna á ársreikninga sambandsins í skýrslunni.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** lýsti ánægju með skýrsluna og sérstakleg störf Svönu á sínu fyrsta formannsári. Af eigin reynslu sagði hann að það taki tíma að slípast til í þessu starfi. Hann

sagði að á formannsárum sínum hefði Jóhannes Héðinsson verið góður liðsmaður og verið með í mörgum góðum utanlandsferðum. Ólafur taldi innihald skipta meira máli en umbúðir og lét sér í léttu rúmi liggja klæðaburð þingforseta.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** þakkaði fram komnar ábendingar og sagðist mundu læra af þessu. Mun í framhaldinu bæta við nöfnum á póstlistann. Varðandi reikningana skyldi hún setja þá á heimasíðu Glímusambandsins með viðeigandi undirskriftum.

**Hörður Gunnarsson** áréttaði að það væri hlutverk Glímupings að samþykkja reikninga og eftir það mætti engu í þeim breyta.

**Óttar Ottósson** gerði athugasemd við orðalagið „íslensku glímuna“ í ávarpi formanns. Sagðist hafa búist við að Jón M. Ívarsson léti til sín heyra um þetta.

**Jón M. Ívarsson** brást við og sagði að honum og öðrum sem hefðu skilgreint orðanotkun um glímu þætti óþarft að hnýta „íslensk“ framan við glímuna. „Það er til mikið af fangbrögðum“ sagði Jón, „en það er bara til ein glíma og hún er íslensk.“

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** kom fram með áritaða reikninga á lausum blöðum og afhenti þingforseta.

**Jóhannes Héðinsson** þingforseti lagði til að samþykkt reikninga yrði frestað þar til síðar á þinginu. Hinir árituðu reikningar myndu liggja frammi og allir þingfulltrúar gætu komið og fengið að skoða þá þangað til. Það var samþykkt.

## **10. Lögð fram fjárhagsáætlun**

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** lagði fram þingskjal nr. 1, fjárhagsáætlun. Á því var 1,5 milljón króna halli. Engar umræður voru um þingskjalið.

## **11. Lagðar fram lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir þinginu að sögn þingforseta.

## **12. Lagðar fram tillögur og teknar til umræðu**

Þingforseti upplýsti að engar tillögur lægju fyrir þinginu. Þá var dagskrá tæmd í bili og þingforseti tilkynnti þinghlé fyrir nefndastörf. Hann sagði einnig að þingfulltrúar gætu fengið sér hressingu því á borði í þingsalnum var smurt brauð, kleinur, kökur og kaffi ásamt svaladrykkjum og fengu menn sér í svanginn í þinghléinu sem hófst kl. 18:00 og lauk 18:22.

- ÞINGHLÉ -

## **13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær**

**Ásmundur Hálfán Ásmundsson** lagði fram álit Fjárhagsnefndar. Hann sagði að nefndarfolk hefði ekki viljað gera ráð fyrir tapi á rekstri Glímusambandsins um 1,5 milljónir og kom því fram með fjórar breytingar í þá átt að jafna tekjur og gjöld. Í stuttu máli vildu þau lækka laun um 200.000 og erlendan ferðakostnað um 300.000. Þá lögðu þau til að útbreiðslustyrkur ÍSÍ hækkaði um 600.000 og aðrir styrkir um 400.000. Þar með væru tekjur og gjöld orðin jafnhá tala, 14,6 milljónir. Eftir þessa breytingu leit fjárhagsáætlun þannig út:

**55. GLÍMUPING Í REYKJAVÍK 2. MARS 2019**  
**GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS**  
**TILLAGA AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 1/1 – 31/12 2019**

	<b>GJÖLD</b>	<b>TEKJUR</b>
Fjárveiting til glímukynninga		3.000.000
Evrópumót - styrkir		3.500.000
Tekjur af Lottó		2.300.000
Endurgreiddur erlendur ferðakostnaður		1.000.000
Ríkisstyrkur		1.700.000
Íþróttá- og Ólympíusamband, útbreiðslustyrkur		1.800.000
Aðrir styrkir		1.200.000
Aðrar tekjur		100.000
Laun, glímukynningar o.fl.	4.300.000	
Glímukynningar - annar en framkvæmdastjóri	200.000	
Erlendur ferðakostnaður	1.200.000	
Evrópumót	5.000.000	
Glímumót	800.000	
Ungmennaráð og ungmennabúðir	400.000	
Erlend samskipti	200.000	
Skrifstofukostnaður	600.000	
Tölvumál (heimasíða)	1.000.000	
Húsaleiga	450.000	
Ársskýrsla og þinghald	200.000	
Kaup á beltum, skóm og stökkum	150.000	
Ýmis kostnaður	100.000	
Samtals	14.600.000	14.600.000

Engar umræður urðu um þessa breytingatillögu fjárhagsnefndar og var hún samþykkt einróma.

**Stefán Geirsson** sagði að engin mál hefðu borist til Allsherjarnefndar en þar hefðu samt orðið heilmiklar umræður. Sem formaður nefndarinnar þætti honum rétt að koma upp og kynna þær hugmyndir sem þar komu fram. Hann þakkaði góða ársskýrslu og gott starf stjórnar. Hann sagðist vilja staldra við orð formanns um fækkun karla í glímunni. Karlaflokkar væru orðnir dálítið þunnskipaðir og það gæti verið vaxtarbroddur fyrir glímuna að fara í meira samstarf við aðrar fangbragðaiþróttir. Á Íslandsmeistaramótinu sem haldið var hér fyrir um daginn kom fram nýtt félag - Glímufélag Reykjavíkur, sem væri sprottið upp úr æfingum hjá MMA. Hann sagði að það hefði ítrekað komið í ljós að parketgólfið er dálítill þröskuldur í glímunni og ef til vill mætti bjóða þeim eldri að keppa meira á dýnum.

## **9. Reikningar bornir upp til samþykktar**

Þingforseti bar því næst upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

## 14. Kosningar

**Jóhannes Héðinsson** þingforseti las tillögur stjórnar um framboð í kosningum:

- a) Formaður sambandsins:  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir                      endurkjörin með lófataki fundarmanna.
  
- b) Fjórir aðalmenn í stjórn:  
Marín Laufey Davíðsdóttir  
Margrét Rún Rúnarsdóttir  
Guðmundur Stefán Gunnarsson  
Ásmundur Hálfván Ásmundsson              kosin með lófaklappi.
  
- c) Þrír menn í varastjórn:  
Gunnar Gústav Logason  
Jana Lind Ellertsdóttir  
Hjörtur Elí Steindórsson                      kjör þeirra staðfest með lófaklappi.
  
- d) Tveir skoðunarmenn reikninga:  
Stefán Geirsson  
Sindri Freyr Jónsson                              kosnir með lófaklappi.
  
- e) Tveir varaskoðunarmenn:  
Atli Már Sigmarsson  
Ólafur Oddur Sigurðsson                      klappaðir upp.
  
- f) Fulltrúi á íþróttaping:                              Vísað til stjórnar.
  
- g) Þrír menn í Aganefnd og þrír til vara:  
Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir  
Ingibergur Sigurðsson  
Sigmundur Stefánsson  
Jón Birgir Valsson                              Varamenn.  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir  
Ólafur Oddur Sigurðsson                      Öll staðfest með lófaklappi.

## 15. Önnur mál

**Ólafur Oddur Sigurðsson** óskaði formanni og nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Hann sagðist sjaldan hafa séð stjórnina jafn þéttskipaða og núna með Guðmund Stefán og Ásmund Hálfván innanborðs. (Þá hló þingheimur). Hann sagði að sér hefði alltaf þótt leiðinlegt sem formaður þegar gjaldkeri mætti ekki á þingið eins og líka hefði gerst núna. Þá þyrfti formaður að flytja reikninga og svara fyrir þá, stundum óundirbúinn. Verður vonandi ekki þannig næst sagði Ólafur. Hann sagði líka að skoðunarmenn mættu alveg hitta gjaldkera og stjórn, það sakaði aldrei. Sagðist jafnvel sakna athugasemda Harðar Gunnarssonar fyrr á árum en þær sýndu að skoðunarmenn unnu sitt verk af nákvæmni.

Ólafur sagði að við og glíman þar með þyrftum stöðugt að vera í þróun. „Um leið og við stöðnum er það fyrsta skóflustungan í gröfina.“ Hann sagðist aldrei hafa verið hrifinn af glímu á dýnum en væri nú kominn á þá skoðun að dýnur í glímu gætu verið sóknarfæri til breytinga. Útlendingar margir teldu glímu á hörðu parketgólfi óaðgengilega.

Hann sagðist hafa tekið þátt í mörgum erlendum fangbragðamótum og námskeiðum þeim tengdum. Hvergi væru jafn ströng og ítarleg námskeið og í glímunni miðað við önnur fangbrögð. Hins vegar væri hann ekki að segja að það væri allt af hinu slæma, sumt jafnvel nauðsynlegt. Hann sagði alltaf ánægjulegt að sjá menn sem hefðu verið hættir en kæmu nú aftur til starfa. „Þetta er svo lítil hreyfing að hver og einn skiptir máli“ sagði Ólafur að lokum.

**Hörður Gunnarsson** óskaði formanni til hamingju með kjörið. Hann bað menn að hafa í huga að ekki væru allar breytingar þróun. Þróun getur verið í báðar áttir, til hins betra og til hins verra. Hörður sagði að þessi umræða um viðargólfinn væri ekki ný og sagði að við skyldum athuga vel hverju við værum að leita eftir áður en við tækjum stökkið til breytinga. „Við förnum léttleika og fimum fótum á dýnunum,“ sagði hann. Hann varaði við hinna rafrænu geymslu heimilda og sagði að við mættum ekki hætta að prenta út gögn sem eiga að geymast. Varaði mjög við að treysta eingöngu á tölvur til að geyma gögnin og taldi víst að þingritari væri sér sammála um þetta.

**Jón M. Ívarsson** tók undir orð Harðar varðandi rafræna geymd sem hann taldi mjög varasama. Um síðustu aldamót, til dæmis, voru öll tölvugögn geymd á floppy diskum. „Hvar eru nú þær tölvur sem geta notað slíka diska? Þær eru ekki til,“ sagði Jón og sagðist vita til þess að mikið af árlegum skýrslum íþrótt- og ungmennafélaga hefðu glatast síðan hætt var að skila þeim prentuðum til ÍSÍ 1994. Það væru í sumum tilfellum til betri heimildir frá 1850 en 2005. Hann óskaði formanni og stjórn til hamingju með kjörið. Sagði Svönu duglegan og drifandi formann sem léti verkin tala eins og hún lofaði fyrir ári.

Jón kvaðst sammála því að léttleiki tapaðist með því að glíma á dýnum en þær væru nauðsynlegar við kennslu þeirra yngri. Hann hefði sjálfur gerst glímupjálfari austur í Flóa 1988 þegar dýnurnar voru að koma til sögunnar og það varð til þess að öll börn á svæðinu, undantekningarlaust sópuðust í glímuna því enginn þurfti að kvíða því að detta á hart gólf. Hins vegar mætti prófa glímu þeirra eldri á dýnum í tilraunaskyni og skoða svo málin.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir**, formaður GLÍ, sagði að það stæði ekki annað til en að prenta skýrsluna áfram. Hún vildi gjarnan fá ábendingar og hugmyndir fólks um mótahaldið og sagði áhugavert að skoða hvernig glíma fullorðinna á dýnum kæmi út. Hún upplýsti að Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir hefði ekki gefið kost á sér áfram sem gjaldkeri vegna þess að hún ætti von á tvíburum og þar með toppað sig sem ætti von á barni.

**Stefán Geirsson** óskaði formanni og nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hann sagði gaman að nefna það að hans gamli þjálfari, Jón M. Ívarsson, sem þjálfaði hann og marga fleiri af mikilli fórnfýsi hefði komið með dýnur austur í Flóa fyrir 30 árum sem þá var algjört nýmæli. Hann sagðist nú vera að vinna í því að kaupa nýjar dýnur og bauð þeim sem þess óskuðu að vera með í þeirri pöntun. Hann vildi að menn skoðuðu vel dýnumálin. Hann ræddi einnig dómgæsluna. Við hefðum ekkert gert rangt en ættum að reyna að fækka þeim girðingum sem við höfum um glímuna. „Við þurfum að þjappa okkur vel saman um þessi glímuhreiður sem við eigum,“ sagði Stefán. „Hvar eru til dæmis æfingar í Reykjavík?“ Hann sagði að umgjörð glímumála væri góð á Reyðarfirði og Glímusambandið mætti alveg skoða það að láta samböndin úti á landi sjá um meira af mótum. Vildi til dæmis fá grunnskólamótið á Suðurland.

**Hákon Óli Sigurðsson** sagði frá því að hann væri nýkjörinn formaður glímudeildar Harðar á Ísafirði og ætlaði sér að byggja hana upp að nýju eftir fráfall Hermanns Nielssonar sem var frumkvöðull glímunnar þar vestra. Hann sagði að fullorðnir byrjendur í glímu leggðu ekki í að byrja að glíma á gólfi. Þeim þyrfti að leyfa að keppa á dýnum. Hann er nú um helgina á

dómaranámskeiði en staðan er sú á Ísafirði að þar er ekki hægt að halda löglegt mót með aðeins heimamönnum við dómgæslu því þeir hafa ekki nægileg réttindi. Hann vonaðist eftir góðu samstarfi við Glímusambandið í sínu uppbyggingarstarfi.

**Sigurjón Leifsson** upplýsti að dómaranámskeið og dómararéttindi væru bundin í reglugerð sem væri aðgengileg á netinu. Það væri langtímaverkefni að styrkja grasrótastarfið. Sigurjón sagðist ánægður með upprisu Harðar á Ísafirði og að komið sé til sögunnar Glímufélag Reykjavíkur. „Ég var í laganefnd á síðasta ári sem gerði ekki neitt en er til í að vera áfram og gera þá meira,“ sagði Sigurjón að lokum.

**Ásmundur Hálfán Ásmundsson** sagðist hafa farið víða á vegum glímunnar og séð ýmislegt. Nú væru komnar dýnur sem hentuðu vel fyrir glímuna. Hann sagðist eiga „gamlar minningar“ úr glímunni ekki síður en þeir eldri. Gaman væri að minnast sveitaglímunnar sem tíðkaðist á árum áður, „því það var einstaklega skemmtilegt að vera hluti af liðsheild, þá var stemming,“ sagði Ásmundur.

**Hjörtur Elí Steindórsson** vildi koma þeirri ábendingu til stjórnar að gott væri að tengja meira saman fullorðins- og barnamótin. Nú væru farnar margar ferðir á mótin og þær mætti spara nokkuð. Hann saknaði dálítið þeirra tíma þegar heilu helgarnar voru lagðar undir glímumótin og sagðist eiga góðar minningar um félagslega þáttinn í þá „gömlu daga.“

**Jóhannes Héðinsson** þingforseti sagði að nú væri mælendaskráin tæmd. Hann þakkaði þingheimi góða þingsetu og þakkaði fyrir sig. Þvínæst bauð hann formanni að slíta þingi.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** sagðist hafa hugleitt hvort hún ætti að bjóða sig fram til formanns því framundan væri fæðingarorlof hjá henni. Hún sagðist hafa ráðgast um þetta við stjórn GLÍ og Ólaf Sigurðsson og allir stutt hana til áframhaldandi starfs. Hún þakkaði þann góða stuðning sem hún hefði fengið hér á þinginu. Hún sagði frá næstu verkefnum í mótahaldi og taldi að hún fengi góða aðstoð glímufólks í framtíðinni. Þakkaði fyrir síðastliðið ár og sagði þingi slitið kl. 19:30.

**Jón M. Ívarsson**